

málsins. Var henni mótmælt af hálfu stefnda. Verður krafan ekki tekin til greina við þær aðstæður.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða málsins sú, að stefnda skuli óheimil framangreind notkun á vörumerkinu „Marzi/BAR,“ og er stefnda skylt að nema merkið af vörum þeim, sem hann hefur umráð yfir.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson borgardómari og meðdómsmennirnir Knútur Hallsson skrifstofustjóri og Pétur Sigurðsson kaupmaður.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Sælgætisgerðinni Mónu hf., er óheimil framangreind notkun vörumerkisins „Marzi/BAR,“ og er stefnda skylt að nema merkið af vörum þeim, sem hann hefur umráð yfir.

Stefndi greiði stefnanda, Mars Incorporated, kr. 7.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. mars 1984.

Nr. 15/1982. **Einar Gunnarsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Páli Þorgeirssyni & Co.

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 18. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s.m. Krefst hann þess, að stefndi verði dændur til að greiða sér 13.320.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til

1. mars 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Einar Gunnarsson, greiði stefnda, Páli Þorgeirssyni & Co., 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Einar Gunnarsson húsgagnasmíðameistari, Háaleiti 38, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 6. júní 1980 á hendur Páli Þorgeirssyni & Co., Ármúla 27 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.084.000, og matskostnaðar, kr. 248.000, auk 27% ársvaxta frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1980, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Við munnlegan mállutning málsins var fjárhæðum stefnukröfunnar breytt til samræmis við breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils í kr. 10.840.00 og kr. 2.480.00.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst þannig, að í árslok 1977 hafi stefnandi keypt af stefnda 30 plötur af rásuðum furukrossviði. Krossviður þessi sé gerður úr þremur lögum furu, hvert lag 3 mm, er límd séu með U-lími, sem ætlað sé til utanhússnota, en krossviðurinn er seldur sem klæðning til notkunar utanhúss. Hafi stefnandi borið Solignum-fúavarnar efni á krossviðinn og geymt hann á verkstæði sínu fram á næsta sumar. Stefnandi hafi svo notað krossviðinn í júlí og ágúst 1978 til að klæða sumarbústað sinn í landi Efri-Reykja í Biskupstungum. Í ársbyrjun 1979 hafi farið að bera á sprungum í krossviðnum á öllum hliðum bústaðarins nema norðurhlið. Sprungurnar hafi smáukist fram á vor, þannig að

sprungum hafi fjölgað og þær hafi stækkað. Auk þess hafi krossviðurinn bólgnað og efsta lagið rifnað sums staðar úr límingu. Stefnandi hafi kvartað við stefnda, fyrst munnlega, en síðan skriflega með bréfi hinn 4. júlí 1978. Stefndi hafi hafnað kröfum stefnanda með bréfi, dags. 17. s.m. og talið krossviðinn ógallaðan.

Stefnandi fékk dómkvadda matsmenn til að lýsa krossviðnum og meta kostnað við að bæta úr ástandi sumarbústaðarins.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Indriða Níelssonar húsa-smíðameistara og Halldórs Hannessonar byggingaverkfræðings, segir svo um ástand krossviðarins og kostnað við úrbætur á sumarbústaðnum:

„Vettvangsskoðun fór fram 22. september 1979 og voru auk matsmanna boðaðir til hennar Einar Gunnarsson, fulltrúi hjá Páli Þorgeirssyni og Co. og Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Til vettvangsskoðunar mættu undirritaðir, auk Einars Gunnarssonar. Skoðaðar voru krossviðarpiljur úr furu, sem sumarhús Einars var klætt með og meta á. Húsið var klætt júlí/ágúst 1978, verkið vann Sigurður Herberson, byggingameistari í Keflavík, sem einnig var með í förinni.

Piljurnar voru þriggja laga furu-krossviðarplötur, sem efnissali (Páll Þorgeirsson og Co.) segir límdar með U-lími (þ.e. lími til utanhússnota). Þykkt laganna er 3 mm eða alls 9 mm þykkt á plötunum sjálfum. Yzta lagið er rásað með ca. 10 cm millibili. Á þremur hliðum hússins, þ.e. austur, vestur en þó mest áberandi á suðurhlið er krossviðurinn sprunginn, þannig að rifur hafa myndast með nokkurra mm millibili. Þetta sést varla á norðurhlið hússins og ekki efst á suðurhlið, þar sem komið er upp fyrir þakbrúnina, en hún skagar nokkuð niður og út fyrir efsta hluta veggjarins. Á stöku stað hefur yzta lagið í krossviðnum lyft sér frá næsta lagi, þ.e.a.s. rífið sig úr límingunni. Þar sem sprungurnar eru stærstar, ber á því, að ræman á milli þeirra verpst.

Efnið keypti Einar í byrjun ársins 1978 af Páli Þorgeirssyni og Co. og fór þá með það á verkstæði sitt í Keflavík, bar á það Solignum fúavarnarefni að utan og innan. Síðan var efnið geymt á verkstæðinu, þar til í júlí 1978, að það var neglt á húsið og síðan málað með brúnni málningu.

Einar telur sig hafa keypt efnið sem vatnspolinn utanhússkrossvið, en sama dag keypti hann einnig aðra tegund af krossviði fyrir Sigurð Herberson, sem negldi þann krossvið á sitt sumarhús, sem stendur við hlið húss Einars og var það hús klætt á sama tíma og hús Einars. Enga galla er að sjá á þeirri klæðningu. Hún er af annarri gerð, þ.e.a.s. önnur viðartegund í yzta lagi krossviðarins. Einar segist um 20 ára skeið hafa keypt það, sem hann kallar vatnspolinn utanhússkrossvið af Páli Þorgeirssyni og Co. og aldrei fyrr hafa orðið var við galla á honum. Það efni hefur hann m.a. notað í klæðningar á sumarhús, í útihurðir o.s.frv.

Samkvæmt upplýsingum sölumanns Páls Þorgeirssonar og Co. er þessi krossviður framleiddur af Vänerskog í Svíþjóð, hann er gerður úr þremur 3ggja mm furulögum, sem límd eru með U-lími eins og fyrr segir, efnið ekki varið eða meðhöndlað sérstaklega, en þiljurnar seldar sem klæðning til utanhússnota.

Að lokinni skoðun og að fengnum upplýsingum um þennan krossvið og með samanburði við það, sem almennt má segja um krossvið, gerum við eftirfarandi

MATSGJÖRÐ

1) Krossviður er þannig framleiddur, að límdar eru saman 3 eða fleiri tréþynnur. Þynnurnar eru skornar úr tréstofnum eftir tveimur aðferðum. Við fyrri aðferðina eru skornar þunnar sneidar af bolnum og fást þá þynnur, sem hafa sömu lengd og bolurinn og breidd eins og þykkt bolsins, þar sem hnifurinn fer í gegn.

Þessar þynnur eru flatar og hafa ekki tilhneingingu til að „rúlla sig upp“. Hin aðferðin er sú, að trjábolurinn er spenntur upp einsog á rennibekk og síðan snúið móti hnífsegg, sem sífelld færir nær miðju bolsins og fást þá þynnur, sem hafa breidd á við lengd bolsins, en eru mjög langar. Vegna lögunar bolsins eru þessar þynnur ekki alveg flatar, þegar þær koma undan hnífnum og þessi innbyggði krappi verður því meiri, sem bolurinn er grennri.

Þynnur framleiddar með seinni aðferðinni eru notaðar í krossviðar-klæðningar eins og her um ræðir, enda ódýrari en þær fyrrnefndu, sem notað eru til finna brúks og við húsgagnsmíði.

Þegar þynnurnar eru sléttar (pressar), er hætta á að sprungur eða rifur vilji myndast á þeirri hliðinni, sem var nær bolmiðjunni við skurðinn. Því grennri, sem bolurinn er, þeim mun meiri hætta er á að þynnurnar rifni og þykkar þynnur rifna frekar en þunnar miðað sama sverleika bols. Til þess að hindra þetta eru þynnur skornar af grönnum bolum hafðar mjög þunnar, enda þótt ódýrara sé við plötuframleiðsluna að hafa lögin fá og þykk.

Af 30-40 cm þykkum furutrjábolum (Nordurlönd), eru gjarnan skornar ca 1½ mm þykkar þynnur, af 50-150 ca (U.S.A.) bolum 2½-5 mm þykkar. Við límingu í krossvið á að gæta þess, að yzta þynnan í krossviðnum snúi hliðinni, sem vissi inn á við í bolnum, inn á við í krossviðarplötunni líka, til þess að sprungur, sem kunna að myndast við sléttun þynnunnar snúi frekar inn en út.

Krossviðurinn, sem hér um ræðir, er samanlímdur af fremur þykkum þynnum eða 3 mm, Sprungurnar sem í honum sjást, teljum við stafa af því, að krappinn á þynnunni hafi verið meiri en þykkt hennar leyfði,

þ.e. of þykkt efni skorið af of grönnum bol. Síðan er engu líkara en rangri hlið hafi verið snúið út við límingu yzta lagsins. Sú tilgáta skýrir, hvers vegna ræmurnar milli rifanna leitast við að verpast með jaðrana (sic) út á við. Þetta getur líka skýrt, hvar þessara rifa gætir á húsinu. Þær eru eingöngu þar sem sól nær að skína á þiljurnar. Vegna þess að húsið er málað í dökkum lit, gætir áhrifa sólskinsins enn meira en ella. Við hitunina myndast spennur í þynnunni og tréð leitast við að fara í sitt upprunalega form, en er haldið föstu með límingunni. Rifurnar hafa verið komnar í þynnuna strax við framleiðsluna en þá verið mjög finar og illsjáanlegar. Nú verpst ræman milli rifanna og við það verða rifurnar áberandi. Við teljum að meðhöndlun og meðferð Einars Gunnarssonar á þiljunum, þ.e. vifarvörn og málning sé í alla staði í samræmi við góðar fagmannlegar venjur og því ekki hægt að rekja þessa ágalla til aðgerða eða aðgerðarleysis af hans hálfu.

Það skal tekið fram, að alengt er að furukrossvifarplötur hafa finferðar rifur í yfirborðslagi. En þær eiga ekki að hafa tilhneigingu til þess að stækka og opna sig eins og hér hefur gerzt, þegar vönduð vinnubrögð af hálfu Einars Gunnarssonar við meðhöndlun þiljanna eru höfð í huga, nema til komi gallar í framleiðslu plötunnar eins og leidd hafa verið rök að hér að framan.

- 2) Við teljum, að ekki sé hægt að bæta þá galla, sem eru á þiljunum, svo viðunandi sé. Helzt kæmi til greina yfirferð með einhverju fyllandi efni, t.d. tjörgun, en fyrir sumarhús getur það ekki talizt fullnægjandi lausn.

Eftir stendur þá aðeins sú lausn að endurklæða húsið með gallalausum krossvifarþiljum, sbr. húsið við hliðina á húsi Einars, þ.e. hús Sigurðar Herbertssonar. Það hús er jafn gamalt, klætt á sama tíma og sér hvergi neina galla á. Er þá miðað við, að nýja klæðningin sé negld utan á þá gömlu, þétt með körmum og listum við glugga, dyr og hornlista með siliconkitti og nýja klæðningin síðan máluð. Kostnaður við þetta verk, að meðtöldum efnis- og flutningskostnaði auk uppihaldskostnaðar meðan á verkinu stendur reiknast okkur vera kr. 1.084.000,-. Ein milljón áttatíu og fjögurþúsund 00/100.

Nánari sundurgreiningu kostnaðarútreikninga er að sjálfsögðu unnt að fá hjá matsmönnum, sé þess óskað.“

Stefnandi, Einar Gunnarsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi um árabil keypt krossvið hjá stefnda. Hafi hann notað krossviðinn á sumarbústaði, sem hann hafi smíðað fyrir ýmsa aðilja og hafi aldrei neitt komið fyrir þann krossvið. Muni sá krossviður hafa verið úr oregon pine. Er hann keypti umræddan krossvið á sumarbústað sinn, hafi hann einnig keypt krossvið á sumarbústað Sigurðar Herbertssonar, sem sé þarna næsti bú-

staður. Hafi krossviðurinn á bústað Sigurðar verið úr austurlensku efni, en Einar kveðst hafa ætlað að nota betri gerð krossviðar á sinn bústað. Sé hann úr furu og sé heldur dýrari. Kveðst hann hafa skoðað krossviðinn sérstaklega, er hann keypti hann, og hafi hann litið vel út. Hafi hann litið betur út en annað efni, sem hann hefur séð. Einar kveðst hafa farið með krossviðinn á verkstæði sitt, strax eftir að hann keypti hann. Þar hafi hann verið geymdur á góðum stað við vanalegan hita, stofuhita. Þarna hafi verið borið á krossviðinn solignum tvisvar að framan, en efni þetta sé þunnt og ljósgrátt að lit og sé frá Kristjáni Skagfjörð hf. Á bakhlið krossviðarins hafi hann borið einu sinni pinotex. Einar kveðst hafa orðið var við finar sprungur í krossviðnum, eftir að búinn var að klæða sumarbústaðinn með honum. Hafi hann strax rætt við Pál Þorgeirsson um það. Páll hafi sagt sér síðar, að hann hefði farið austur og athugað þetta og hafi hann talið, að þetta væri smekksatriði. Einar kveðst hafa borið þykkara solignum á krossviðinn, eftir að hann varð var við sprungurnar. Hafi efni þetta verið architectural solignum og hafi hann talið, að það myndi frekar loka rifunum, en það hafi ekki gerst. Kveðst Einar svo hafa skrifað Páli bréf af þessu tilefni. Einar kveður ástand krossviðarins hafa versnað mikið, eftir að matsmenn skoðuðu hann. Sé hann allur orðinn vatnssósa, sprunginn og rifinn og hafi hann bólgnað og losnað úr neglingu. Kveðst hann telja útilokað að beita þeirri aðferð til úrbóta, sem matsmenn gera ráð fyrir, heldur verði að rífa allt af húsinu, klæða það að nýju og setja nýjar áfellur á glugga og horn.

Páll Þorgeirsson, einn af eigendum stefnda, hefur skýrt svo frá, að krossviður sá, sem stefnandi keypti á sumarbústað sinn, hafi verið utanhússkrossviður, sem keyptur hafi verið til landsins frá Svíþjóð. Muni krossviður frá þessum framleiðanda hafa verið fluttur inn af fyrirtækinu allt frá árinu 1976 og hafi ekki áður borist kvartanir út af honum. Krossviður þessi sé utanhússkrossviður, ætlaður til klæðningar utanhúss. Hann sé límdur saman með vatnsheldu lími, en hljóti ekki sérstaka meðferð frá hendi framleiðanda. Hann kveður krossvið framleiddan með tveimur aðferðum, skrældur eða flatskorinn. Krossviður sá, sem hér er fjallað um, hafi verið skrældur. Þá kveður Páll ekki sama, úr hvaða viði krossviður sé búinn til. Hér sé um að ræða krossvið úr norðurlandafuru og sé eðlilegt, að sprungur komi fram á yfirborðinu. Páll kveður það hafa verið í júnímánuði 1979 sem stefnandi hafi rætt við sölumann stefnda um, að eitthvað væri athugavert við krossviðinn. Kveðst hann hafa ritað stefnanda bréf, þar sem fram hafi komið, út af hverju hafi verið kvartað. Formleg kvörtun muni svo hafa borist í júlí, en ekki kveðst Páll minnst þess að hafa fengið bréf frá stefnanda. Páll kvaðst hafa farið austur og skoðað krossviðinn og hafi sér virst þetta líta öðruvísi út en stefnandi hafi lýst því. Telji hann, að kross-

viðarplöturnar hafi verið negldar of þétt og hafi þær losnað frá, þegar vatn hafi gengið inn í þær og þrútnað út. Hafi hann séð, að naglar höfðu gengið út á nokkrum stöðum. Hins vegar hafi hann ekki séð, að krossviðurinn sjálfur hafi losnað í sundur. Páll kveður ekki vera gefnar sérstakar leiðbeiningar af hálfu stefnda um, hvaða meðferð krossviður skuli hljóta, því gengið sé út frá, að iðnaðarmenn, sem noti viðinn, viti, hvernig eigi að fara með svona efni. Sé það frekar þeirra að óska eftir upplýsingum. Krossvið eins og þennan þurfi að verja raka með því að bera á hann viðeigandi efni. Eitt af þessum efnum sé solignum, en ef architectural solignum sé notað, en það sé þykkt efni, verði að bera fyrst á annað efni, til þess að hitt bindist. Páll kveðst ekki telja nóg að bera fúavarnarefni á krossviðinn, því það varni ekki að raki gangi inn í hann. Ef stefnandi hafi ekki borið rakavörn á krossviðinn fyrir en ár var liðið, frá því hann var settur á sumarbústaðinn, þá hljóti raki að hafa gengið inn í krossviðinn, því hann hafi þá verið óvarinn allan þann tíma.

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína.

Matsmaðurinn Halldór Hannesson skýrði jafnframt svo frá, að það sem fram kemur í matsgerðinni um meðferð stefnanda á efninu og ályktanir, sem af því eru dregnar sé samkvæmt upplýsingum stefnanda og samkvæmt því, sem þeir matsmennirnir hafi séð við athuganir sínar. Kveður Halldór algengt að sjá örfínar rifur á svona krossviði og hafi hann nánast sjaldan séð krossvið, sem ekki eru í örfínar rifur. Þá kveður hann hugtakið vatnsvarinn og vatnspólinn krossviður aðeins eiga við um, að vatnþolið lim sé notað til að líma krossviðinn saman. Krossviðurinn sjálfur fái ekki sérstaka meðferð. Hann sé eins og hvert annað timbur, sem þurfi að fara með sem slíkt og þurfi að hindra, að springi, eða verja gegn raka. Þurfi allur krossviður, sem nota eigi utan dyra, að fá vörn gegn raka á sama hátt og annað timbur. Sé þar um að ræða vörn gegn fúa og gegn því, að viðurinn drekki í sig vatn og gefi það frá sér aftur. Gegn fúa séu notuð fúavarnarefni, en málning sé notuð til að halda vatni frá viðnum. Gallinn á krossviðnum, sem hér er fjallað um, sé, hvernig sprungurnar í honum hafi orðið til, og leiði þeir matsmennirnir getum að því í matsgerð sinni. Telji hann fyrri ástæðuna, sem nefnd sé í matsgerðinni, sennilegri.

Matsmaðurinn Indriði Nielsson kvað frásögnina í matsgerðinni um meðferð á krossviðnum í sumarbústað stefnanda og Sigurðar Herbertssonar vera byggða á upplýsingum þeirra. Varðandi það atriði í matsgerðinni, að rifurnar í krossviðnum hafi verið komnar í þynnuna strax við framleiðslu, en verið mjög finar og illsjáanlegar, kveður Indriði þetta hafa komið fram við það, að málning, sem borin hafi verið á, hafi runnið inn í raufarnar.

Vitnið Haraldur Ágústsson húsgagnasmiður kveðst vera sjálfmenntaður í viðarfræði. Kveðst hann um fjölda mörg ár hafa verið tæknilegur ráðu-

natur Rannsóknastofnunar iðnaðarins og annarra opinberra stofnana í viðargreiningum. Kveðst hann að beiðni fyrirsvarsmanns stefnda hafa rannsakað hluta af krossviðarplötu, sem lögð hefur verið fram í málinu. Hafi hann komist að þeirri niðurstöðu, að þekjuspónn krossviðarins snúi rétt, þ.e. að sú hlið á spæninum (rangsíðan) sem snúið hafi að merg trésins, sé límd á millilagið. Kveður hann rangsíðu þá hlið nefnast á spæni, sem skorin sé frá spónbolnum, og séu í henni oftast spónrifur (sprungur) sem m.a. stafi af því, að spæninum hafi verið flett utan af spónbolnum. Verði hringskorinn spónn fyrir mikilli yfirborðsspennu vegna sólarhita, ofþurrkun o.fl., geti spónrifurnar opnast út í yfirborð viðarins. Haraldur kveður gæði þekjuspóns fara eftir því, hvaðan hann er skorinn úr viðarbolnum. Ef hann sé skorinn utan til úr viðarbolnum, þurfi að rétta hann minna út. Geti því spónrifur, sem myndist, þegar spóninn er skorinn, geta orðið stærri eftir því sem innar er komið í viðarbolinn (sic). Þessar sprungur liggja þó aldrei nema grunnt. Kveðst hann ekki geta sagt um, hvaðan þekjuspónninn er skorinn í krossviði þeim, sem hér er fjallað um. Haraldur kveður breytingar geta orðið á viði við það, að viðarjafnvægisrakinn breytist. Við athugun á umræddum krossviði sjáist, að sumar sprungurnar liggja alveg í gegnum tréð, að en aðrar liggja ofan frá og inni miðju. Telji hann, að krossviðurinn hafi verið geymdur á of þurrum stað, áður en fúavarnarefnið var borið á hann. Kveðst hann telja mjög varhugavert að geyma inni við mikinn þurrk krossvið, sem nota á úti, og fara síðan skyndilega með hann út í mikinn raka. Breyti engu um, þótt fúavarnarefni eða rakavarnarefni séu borin á, því þau drekki viðurinn í sig, en þau loki viðnum ekki. Til þess þurfi önnur efni, t. d. málningu, en einstök fúavarnarefni muni vera til, sem loki viðnum.

Krafa stefnanda er byggð á því, að krossviður sá, sem stefnandi keypti hjá stefnda, hafi verið haldinn göllum, sem hafi valdið því, að krossviðurinn hafi verið óhæfur til þeirra nota, sem hann er ætlaður. Hafi krossviðurinn ekki fullnægt þeim kröfum, sem gera megi til slíkrar vöru. Krossviðurinn hafi verið seldur til utanhússnota og hafi stefnandi ætlað að klæða sumarbústað sinn með honum. Er því haldið fram, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna staðfesti, að sprungur hafi myndast í yfirborði krossviðarins og stafi það af því, að krappinn á þynnunni sem myndar ytra lag krossviðarins, sé meiri en þykkt hennar leyfi, þ.e. of þykkt efni hafi verið skorið af of þunnum bol. Einnig virðist svo sem rangri hlið þynnunnar hafi verið snúið út við límingu ysta lagsins. Stefnandi hafi geymt krossviðinn við forsvaranlegar aðstæður og hafi hann ekki getað ofþornað. Jafnframt hafi hann rakavarið krossviðinn í samræmi við fagmannlegar venjur. Ef krossviðurinn hafi verið ógallaður, hafi meðferð stefnanda á honum ekki átt að breyta neinu. Hafi þessum niðurstöðum matsgerðarinnar ekki

verið hnekk. Er því haldið fram, að útilokað hafi verið að sjá þessa galla og sannreyna þá, fyrr en efnið var tekið í notkun. Hafi gallarnir ekki komið fram á krossviðnum, fyrr en krossviðurinn hafði verið á bústaðnum um nokkurt skeið. Hafi stefnandi borið upp kvörtun við stefnda án ástæðulauss dráttar, eftir að gallarnir komu í ljós. Er því haldið fram, að krossviðurinn hafi verið gallaður samkvæmt 2. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Er því einnig haldið fram, að ákvæði 54. gr. laganna standi ekki í vegi fyrir því, að krafa stefnanda verði tekin til greina, enda hefjist frestur samkvæmt því ákvæði ekki, fyrr en seldur hlutur er tekinn til þeirrar notkunar, sem hann er ætlaður til, í máli þessu, er krossviðurinn var negldur á sumarbústað stefnanda. Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt ákvæði þessu verði beitt, þá fynnist aðeins krafa um endurgjald fyrir krossviðinn, en hins vegar fynnist ekki krafa stefnanda vegna tjóns hans af því að treysta á hið gallaða efni, en þar sé um að ræða efni og vinnu við að klæða sumarbústaðinn að nýju.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að á síðari tímum hafi rutt sér til rúms viðtækari réttarreglur um ábyrgð framleiðanda og kaupmanna á framleiðslu- og söluvörum þeirra. Samkvæmt þeim beri framleiðandi og seljandi vöru ábyrgð á skaðlegum eiginleikum vöru. Var því einnig lýst yfir af hálfu stefnanda, að hann byggi kröfur sínar í málinu einnig á þessum réttarreglum.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er byggð á matsgerð matsmannanna. Er jafnframt gerð sérstök krafa um kostnað, sem stefnandi hafi orðið fyrir við framkvæmd matsins.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að krossviður sá, sem stefnandi keypti af stefnda í árslok 1977, hafi ekki verið haldinn neinum þeim göllum er leiði til skadabótaábyrgðar stefnda. Auk þess er sýknukrafa stefnda byggð á því, að hafi skadabótaábyrgð verið fyrir hendi þá seu hún fallin niður vegna fyrningar skv. ákvæðum 54. gr. laga um lausafjárkaup, en það hafi verið í júnímánuði 1979, sem stefnandi hafi kvartað munnlega.

Er því haldið fram af hálfu stefnda, að allur krossviður springi nokkuð og hafi stefnanda mátt vera það ljóst, en hann sé trésmiður og hafi því sérþekkingu á þessu sviði. Hins vegar hafi meðferð stefnanda á krossviðnum valdið því, að hann hafi sprungið meira en ella. Frá því að stefnandi keypti krossviðinn og þar til hann klæddi sumarbústað sinn með honum, hafi hann geymt krossviðinn á verkstæði sínu. Hins vegar sé rangt að geyma inni á verkstæði krossvið, sem nota á til klæðningar úti, því inni á verkstæðum sé allt annað hitastig en þar sem nota á krossviðinn. Geymsla krossviðarins við þessar aðstæður hafi verið óforsvaranleg og hafi hún haft í för með sé ofþornun viðarins og sprungumyndun. Þá er því haldið fram, að krossviðurinn hafi fengið ófullnægjandi rakavörn, áður en hann var

settur á sumarbústaðinn. Sé komið í ljós, að stefnandi hafi borið á hann fúavarnarefni í stað rakavarnarefnis. Þegar svo krossviðurinn hafi verið kominn á bústaðinn, hafi hann blotnað og dregið í sig meiri raka en ella vegna ofþornunar. Hafi þá verið of seint að bera á hann rakavarnarefni, svo sem stefnandi hafi gert. Sé einnig á það að líta, að það hafi verið gert, áður en viðurinn hafi fengið að þorna, og hafi þá lokast inni í krossviðnum raki, sem valdið hafi því, að krossviðurinn hafi bólgnað og negling hans losnað. Í því sambandi sé ljóst, að krossviðurinn hafi verið negldur of þétt. Er því haldið fram, að ekki verði byggt á matsgerðinni í málinu. Ályktun matsmannanna, sem byggð sé á meðferð þeirri, sem krossviðurinn sætti hjá stefnanda, sé byggð á frásögn hans sjálfs. Þá sé komið fram, að ekki standist sú tilgáta þeirra, að þekjuspónn í krossviðnum snúi rangt. Þá sé það einungist tilgáta matsmannanna, að spónninn sé of krappur, þ.e. of þykkur spónn skorinn af of grönnum bol.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að reglur um framleiðsluábyrgð, sem ætlað er að gilda gagnvart þriðja manni, verði beitt um atvik máls þessa. Um þau gildi ákvæði laga um lausafjárkaup, sem enn séu í fullu gildi.

Álit dómsins.

Í málinu er deilt um það, hvort krossviður sá sem stefnandi keypti af stefnda 22. desember 1977 og hann klæddi sumarbústað sinn, hafi verið haldinn göllum.

Verður að telja, að skipti aðiljanna fari eftir ákvæðum laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, en ekki verði beitt sérreglum um ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluhluta, svo sem haldið er fram af hálfu stefnanda. Stefnandi hefur lýst því, að hann hafi flutt krossviðinn í verkstæði sitt, er hann keypti undir árslok 1977, og borið á hann solignum, sem hafi verið þunnur vökví. Hann hafi svo geymt krossviðinn á verkstæði sínu, þar sem muni vera stofuhiti, þar til krossviðurinn var settur á sumarbústaðinn í júlí eða ágúst 1978. Hafi hann síðan borið þykkara solignum á krossviðinn, er hann hafi orðið var við sprungur í honum. Stefnandi bar svo fram kvörtun við stefnda í júnímánuði 1979. Var þá liðið meira en eitt ár, frá því stefnandi fékk krossviðinn afhentan hjá stefnda. Samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 verður því að telja, að þá hafi verið fallin niður krafa, sem stefnandi kann að hafa átt á hendur stefnda vegna ætlaðra galla á krossviðnum, en ekki er fram komið, að stefndi hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á krossviðnum, og ekki er haldið fram, að beitt hafi verið svikum.

Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Magnúsi Guðjónssyni húasmiðameistara og Ægi Ólafssyni stórkaupmanni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Páll Þorgeirsson & Co., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Gunnarssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudagur 8. mars. 1984.

Nr. 3/1983. **Freygerður Kristjánsdóttir**
Ingibergur Þorkelsson og
Kórund h/f

(Stefán Pálsson, hrl.)

gegn

Jóni Oddssyni
og gagnsök
(sjálfur)

Vixilmál. Afsagnarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefndu 5. janúar 1983. Dómkröfur þeirra í aðalsök eru þær, að þeim verði einungis gert að greiða höfuðstól þeirra víxla, er greinir í héraðsdómi, og gagnáfrýjanda verði gert skylt að afhenda þeim tryggingarbréf, útgefið 2. desember 1980, tryggt í Kirkjuteigi 5, Reykjavík.

Þá verði gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök krefjast aðaláfrýjendur sýknu af öðrum kröfum, en greiðslu höfuðstóls stefnufjárhæðar í héraði.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1983.